

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Brúarland, deiliskipulag íbúðarsvæðis.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 25. ágúst 2022 deiliskipulag fyrir íbúðarsvæði í landi Brúarlands skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst að heimilaðar eru 14 íbúðarlóðir á íbúðarsvæðinu ÍB16 á Brúarlandi, þar af er þegar búið að byggja á einni skv. eldra deiliskipulagi. Við gildistöku hins nýja deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag fyrir fimm íbúðarlóðir á sama svæði sem gildi tók 27. ágúst 2015.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Eyjafjarðarsveitar, 7. júní 2023,

Sigríður Kristjánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 21. júní 2023